

**Ed.**

**647. Frumvarp til laga**

[49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 3. umr. í Nd., 27. mars.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,  
Vinnuveitendasambands Íslands,  
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,  
Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Atvinnuleysistryggingasjóðs og  
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. orðist svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.